

14. febrúar 2013

Til Nefndasviðs Alþingis

Frá Sigurði Páli Pálssyni yfirlækni Réttar- og öryggisdeilda LSH

UMSÖGN

Efni: Þingskjal 527- 420 mál: Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (öryggisráðstafanir o.fl.).

Innanríkisráðherra hefur lagt fram á Alþingi framangreint lagafrumvarp. Ég hef farið yfir frumvarpið og vil koma á framfæri eftirfarandi ábendingum og athugasemdum:

1) 2. gr. frumvarpsins (nýtt orðalag á breyting á 62. gr. almennra hegningarlaga).

a) Orðalagið: „að gerðar skuli ráðstafanir til að fyrirbyggja frekari afbrot“ í lokamálslið 1. mgr. nýrrar 62. gr.

Athugasemd: Grunnhugsun geðlækna er að maður er lagður inn til að meðhöndla hann og endurhæfa. Eftir það eru þeir yfirleitt ekki hættulegir. Fangelsi og lögregla eru til að vernda samfélagið fyrir hættulegum mönnum yfirleitt og fyrirbyggja afbrot. Þetta kemur inn á kjarnavanda réttargeðlækninga á Norðurlöndum. Réttargeðdeildir hafa verið notaðar til að vista einstaklinga sem geta verið hættulegir en eru í raun ekki sturlaðir. Þeir eru persónuleikaraskaðir og/ eða fíklar.

b) Hugtakið „geðdeild“ í 2. og 3. mgr. nýrrar 62. gr.

Athugasemd: Það er mjög óheppilegt að nota hugtakið „geðdeild“ hér. Hugtakið er almennt og notað yfir geðdeildir almennt. Eins og málum er háttað nú er einungis ein deild, réttargeðdeildin, sem hefur heimild til að vista menn skv. 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga. Heimild til að vista á öðrum geðdeildum gegn vilja einstaklings er ætíð byggð á grundvelli ákvæða lögræðis laga með nauðungarvistun eða sjálfræðissviptingu. Í þeim tilvikum er það lækni sem stjórnar meðferð og meðferðartíma. Hér þarf að nota hugtakið „réttargeðdeild“ í 2. og 3. mgr. 62. gr. Með slíkri hugtakanotkun er skýrt hvers konar geðúrræði unnt er að dæma menn til vistunar í.

2) 3. gr. frumvarpsins (ný grein sem verður 62. gr. a í almennum hegningarlögum).

Athugasemd: Aftur er gerð sama athugasemd varðandi notkun hugtaksins „geðdeild“ í lagaákvæðinu og vísað til þess sem um það segir í b) lið 1. töluliðar. Í stað hugtaksins „geðdeild“ í nýrri 62. gr. a þarf að koma hugtakið „réttargeðdeild“.

Af orðalagi 1. mgr. nýrrar 62. gr. a er ljóst að hér er fyrirhugað að haga málum með þeim hætti að ákveða megi fyrirfram þegar ákærði hefur framið ákveðna tegund afbrota að hægt sé að vista hann ótímabundið á réttargeðdeild, sbr. orðalagið „og skal sú ráðstöfun þá vera ótímabundin þegar hann hefur gerst sekur um manndráp, o.s.frv.“ Ég teldi eðlilegra að tímalengd vistunarinnar væri ákveðinn með dómi, eins og nú er. Eins og málum er háttað nú þá er lítið á eðli máls og málsatvik en ekki lítið á í hverju afbrotið fólst. Ég tel það ekki í samræmi við almenn mannréttindi að haga orðalagi ákvæðisins

með þessum hætti. Hingað til hefur dómurum verið falið þetta mat, án tillits til tegundar afbrots og sýnist eðlilegt að haga málum áfram með þeim hætti.

Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að gildandi ákvæði mæla fyrir um að beita skuli vægasta úrræðinu og ekki lengur en ástæða sé til. Það vekur því athygli að sjá að tímakvarði t.d. 5 ár er nefndur síðar í þessari nýju 62. gr. en þar sem segir „skal hámarkstími ráðstafana ekki vera lengri en 5 ár“ og „að kröfu ákærvalds getur dómstóll í sérstökum tilvikum framlengt þennan tíma um tvö ár“. Hér þarf að gæta að Hawaii yfirlýsingu Alþjóðasamtaka geðlækna (WPA) þar sem segir að geðlæknar meggi ekki taka þátt í valdbeitingu á einstaklingum, sem ekki eru geðveikir. Það fyrirkomulag sem hér er lagt til gæti talist brot á Hawaii yfirlýsingunni. Ef ákvæðið nær fram að ganga myndu þeir vistast á réttargeðdeild lengur en geðhagur þeirra krefst.

Vandinn hér er sá sami og áður hefur verið vikið að, að „geðveik“ eða erfið hegðunartruflun er ekki sama og alvarlegur geðsjúkdómur. Flestir þeirra sem eru hegðunartruflaðir og erfiðir í fangelsum eru persónuleikatrufaðir. Þeir eru erfiðir, en þeir eru sakhæfir samkvæmt núverandi dómahefð, sem þýðir að þeir eru dæmdir í fangelsi ekki inn á réttargeðdeild.

3) 4. gr. frumvarpsins (nýtt orðalag á 63. gr. almennra hegningarlaga).

Athugasemd: Í 3. mgr. nýrrar 63. gr. almennra hegningarlaga er lagt til: „Nú er maður dæmdur í refsingu en fluttur á stofnun á grundvelli dóms skv. 1. mgr. og skal þá dvöl þar koma til frádráttar refsingu.“ Þegar vísað er til „stofnunar“ í þessar málsgrein er líklegast átt við geðdeild og ákveðið að dvöl þar komi til frádráttar refsingu. Ég tel mjög vafasamt að setja ákvæði af þessu tagi inn í hegningarlög. Það gefur undir fótinn að ákveðnir einstaklingar, jafnvel lögmenn ákærðra, leitist við að notfæra sér slík ákvæði og tel ég að þegar séu til staðar dæmi um slíkt.

4) 8. gr. frumvarpsins (nýtt orðalag á 67. gr. almennra hegningarlaga).

Athugasemd: Athygli vekur að samkvæmt lokamálslið 1. mgr. nýrrar 67. gr. er velferðarráðuneytinu gert skylt að sjá til þess að fyrir hendi séu vistunarúrræði skv. 2. mgr. 62. gr. Hvergi er vikið að því í frumvarpinu að þörf er á að fangelsin sjálf hafi úrræði fyrir þá einstaklinga sem rekast illa í fangelsum þ.e.a.s. sjúkradeild eða öryggisálma fyrir einstaklinga með miklar persónuleikaraskanir, með eða án fíknar.

Hér er vandinn ekki leystur heldur málum, eins og oft vill verða, hent á milli ráðuneyta. Ábyrgðin er hvergi sett heldur ákveðið að setja skuli reglugerð og hendingu verður háð hvort þær líti nokkurn tímann dagsins ljós.

Þá er einnig samkvæmt þessu lagaákvæði gert ráð fyrir að Fangelsismálastofnun beri ábyrgð á því „að dómi eða úrskurði um beitingu ráðstafana skv. 62., 63. og 64. gr. sé framfylgt“ í samráði við velferðarráðuneytið, ef þörf krefur. Vert er að benda á að nú er málum svo fyrir komið að einstaklingur sem dæmdur er ósakhæfur vegna afbrots sem hann hefur framið, fer yfirleitt á réttar- og öryggisdeild LSH. Fangelsismálastofnun hefur eftir það enga lögsögu yfir manningum. Réttar- og öryggisdeild LSH er hluti af heilbrigðiskerfinu. Yfir því hefur Fangelsismálastofnun enga lögsögu og getur aldrei haft. Rekstur

heilbrigðiskerfisins fer eftir lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og gilda þau lög jafnt um réttar- og öryggisdeildina sem aðrar deildir á heilbrigðisstofnunum. **Eina undantekningin** er að ráðherra velferðarmála hefur leyft það að réttargeðdeildin taki við örugglega dæmdum ósakhæfum.

Samantekt

Ekki verður séð að umræddar breytingar á almennum hegningarlögum séu til bóta miðað við þau lagaákvæði sem nú gilda um þessi efni. Fremur sýnist mér veruleg hættu á því, verði frumvarp þetta að lögum, að dómstólar fari að dæma menn oftár inn á réttargeðdeildir og þá lengur en þurft hefur áður.

Nefndin, sem samdi þetta frumvarp, hefur í viðauka tekið saman nokkra dóma. Ég tel nefndina ekki hafa skoðað þá dóma nægilega vel til að greina þann vanda sem fyrir liggur. Vandséður er tilgangur fylgiskjala af þessu tagi ef þeim fylgir enginn greining á vanda dómstóla eða geðmata sem liggja fyrir í málum. Þetta er verðugt rannsóknarefni bæði hér á landi og á Norðurlöndum og líklegast að lokinni þeirri vinnu væri kominn grunnur að efnisatriðum sem nýst gæti ábyrgri endurskoðun þessara ákvæða almennra hegningarlaga.

Mikilvægt er að vinna að hegningarlagaþreyingum er snúa að öryggisráðstöfunum vegna ósakhæfra sakamanna verði í framtíðinni ekki eingöngu í höndum lögfræðinga. Það er nauðsynlegt að geðlæknar komi að þeirri vinnu og að tekið verði tillit til ábendinga þeirra, enda byggjast þær á reynslu í framkvæmd þessa málaflokks. Verði það ekki gert er hættu á því að löggjafinn samþykki lagaákvæði sem brjóta á bága við alþjóðlegar skuldbindingar geðlækna með þeim afleiðingum að geðlæknar gætu séð sig knúna til að segja sig frá störfum sínum á þessum vettvangi.

Svo virðist sem nefndin, sem samdi þetta frumvarp, hafi horft á sérlög á Norðurlöndunum fyrir réttargæslusjúklinga og reynt að færa ákvæði slíkra sérlaga inn í almenn hegningarlög. Slíkt tel ég varhugavert og ekki í samræmi við þá hefð sem hér hefur skapast varðandi meðferð þessara mála.

Niðurstaða

Ég legg til að frumvarp þetta nái ekki fram að ganga heldur beiti allsherjar- og menntamánefnd Alþingis sér fyrir því að það verði endurskoðað af nefnd þar sem geðlæknar komi að málum til viðbótar við lögfræðinga.